

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd

*Sent í umsagnargátt Alþings og á netfangið umsagnir@althingi.is*

Reykjavík, 16. apríl 2026

**Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um frumvarp til laga um ráðstöfun viðbótariðgjalds til séreignarsparnaðar inn á höfuðstól húsnæðislána (varanleg heimild), 564. mál**

Með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, dags. 30. mars sl., var Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) sent ofangreint mál til umsagnar.

LL telja að almennt verði að fara varlega í inngrip í viðbótarlífeyrissparnað þar sem meginhlutverk slíks sparnaðar er að bæta eftirlaun á efri árum. Viðbótarlífeyrissparnaður er ætlaður til að byggja upp sjóð til að greiða bæði fyrir einka- og samneyslu. Þótt segja megi að úrræði sem felast í ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á húsnæðislán samræmist ekki þessum markmiðum eru LL ekki mótfallin frumvarpinu enda er því ætlað að beina viðbótarlífeyrissparnaði í annað form sparnaðar sem nýttur er til niðurgreiðslu húsnæðisskulda. Það að leggja fyrir og greiða niður íbúðaskuldir er hluti af sparnaði einstaklinga sem getur eftir atvikum nýst á efri árum.

Þessi umbreyting á sparnaðarforminu er þó ekki gallalaus þar sem þess má vænta að einhverjir muni ekki eiga þennan sparnað þegar kemur að lífeyrisaldri auk þess sem eigið fé í íbúðarhúsnæði er ekki undanþegið aðför skuldheimtumanna eins og raunin er um viðbótarlífeyrissparnað, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997.

Þrátt fyrir ofangreind varnaðarorð skal það tekið fram að LL telja þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu til bóta frá því sem verið hefur enda er úrræðinu markaður skýr varanlegur tímarammi með skýrum fjárhæðarmörkum. Fram til þessa hefur úrræðið verið framlengt með reglulegum hætti og staðið í samtals 11,5 ár er það féll úr gildi 1. janúar sl. Fyrirsjáanleiki er mikill kostur.

Jafnframt virðist einhugur um að það þyki sanngirnismál að tímamörk séu samanlagt tíu ár. Einnig þykir jákvætt við að heimila séreignarsparnað inn á húsnæðislán að skattaafslættir geta virkað sem hvati til sparnaðar þar sem einhverjir sem ekki hafa nýtt séreignarsparnaðarúrræði muni mögulega taka þátt og nýta sér þetta hagkvæma sparnaðarform.

Heilt yfir styðja LL frumvarpið og má fullyrða að lífeyrissjóðir muni benda sjóðfélögum sínum á að nýta sér úrræðið enda er skattaafslátturinn eitthvað sem einstaklingar geta vart látið fram hjá sér fara.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri